

Starfshópur um fjárhagsleg málefni – Fundargerð 4. nóvember 2016

Fundur var haldinn í starfshópi um fjármál Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, föstudaginn 4. nóvember 2016. Fundinn sátu Kári Snær Valtingoer, Sóley Dögg Birgisdóttir og Gauti Jóhannesson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Fjárhagsáætlun 2017
2. Bókhaldskerfi

1. Fjárhagsáætlun 2017

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu vinnu vegna fjárhagsáætlunar 2017 og lagði fram drög sem unnin hefur verið að undanfarið með forstöðumönnum stofnana og KPMG. Samþykkt að fara betur yfir drögin og ákveðið að funda aftur fimmtudaginn 10. nóvember.

2. Bókhaldskerfi

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi breytingar á bókhaldskerfi fyrirtækisins. SFS verður ekki þjónustað frá og með 1. febrúar 2017 og fyrirhugað er að ganga til samninga við Wise lausnir ehf. um nýtt bókhaldskerfi sem tekið verður í notkun um áramót.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:30

Gauti Jóhannesson, fundarritari